

Síldarvinnslan hf - Seyðisfirði
Strandarvegi 1-11
710 Seyðisfjörður

Reykjavík, 24. nóvember 2022
UST202201-275/G.S.O.
08.10.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 2. nóvember 2022 þar sem fram kom að þrjú frávik hefðu verið skráð í eftirliti í fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunar á Seyðisfirði. Þann 23. nóvember sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 2.24 í starfsleyfi. Opið niðurfall er í efnageymslu. **Samkvæmt úrbótaáætlun verður úrbótum lokið fyrir lok árs.**
2. 5. tl. 20. gr. reglugerður um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, nr. 884/2017. Lýsisgeymar verksmiðjunnar hafa ekki verið þykktarmældir síðan reglugerðin var sett. **Samkvæmt úrbótaáætlun verður úrbótum lokið fyrir lok árs.**
3. Gr. 2.17 í starfsleyfi. Magn fitu í frárennsli frá fitugildru var yfir leyfilegum mörkum skv. starfsleyfi. **Mælingar verða framkvæmdar um leið og hráefni berst til verksmiðjunnar.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur